

María Ingimarsdóttir og Erling Ólafsson

# SPÁNARSNIGILL FINNST Á ÍSLANDI, ÞVÍ MIÐUR ...

Það bar til tíðinda í ágúst árið 2003 að ungur maður á ferð um vesturbæ Reykjavíkur rakst á sérkennilegan snigil sem renndi sér þar eftir gangstétt. Það var óvenjuleg stærð snigilsins og litur hans sem athyglina vakti. Kvikindið var handsamað og því komið til Náttúrufræðistofnunar Íslands til frekari athugunar. Aðra eins skepnu hafði ekki fyrr borið fyrir augu okkar höfundanna. Að nokkrum tíma liðnum vöknudú grunsemdir um hvers kyns var, er okkur barst í hendur texti úr bók þar sem varað var við innfluttum, varasömum tegundum á Norðurlöndum.<sup>1</sup> Þá var sniglinum snarlega komið í hendur sérfræðings á þessu sviði í Svíþjóð. Hann staðfesti þann grun okkar að um spánarsnigil væri að ræða – því miður, eins og úrskurðurinn hljóðaði. Annar samskonar snigill fannst síðan í Ártúnsholti í Reykjavík í byrjun september 2004.

Ofast veltum við því lítið fyrir okkur þó stöku útlend kvikindi finnst hér á landi, en þetta er tegund sem rétt er að hafa hugfasta og vera á varðbergi gegn. Víða má finna upplýsingar um spánarsnigil og hefur margt verið ritað um hann og birt, til dæmis á veraldarvefnum. Textinn hér á eftir er þó einkum byggður á greinum eftir von Proschwitz og Winge (1994),<sup>2</sup> Terney (1998)<sup>3</sup> og Weidema (2000)<sup>1</sup> og verður ekki frekar vitnað til þeirra heimilda.

1. mynd. Spánarsnigill (*Arion lusitanicus*) í vesturbæ Reykjavíkur 11. ágúst 2003. – Iberian slug (*Arion lusitanicus*), Reykjavík, 11 August 2003. Ljósmynd./Photo Erling Ólafsson.



## ÚTLIT OG SKYLDAR TEGUNDIR

Spánarsnigill (*Arion lusitanicus* Mabille, 1868) (1. og 2. mynd) tilheyrir ætt snigla sem ekki bera kuðung, Arionidae. Tegundir ættarinnar finnast einkum í Evrópu og í norðvestanverðri álfunni eru þær um tíu talsins.<sup>4</sup> Þrjár tegundanna eru afar stórvaxnar. Ein þeirra, svartsnigill (*Arion ater* (Linnaeus, 1758)),



2. mynd. Spánarsnigill (*Arion lusitanicus*) í Ártúnsholti í Reykjavík 2. september 2004. – Iberian slug (*Arion lusitanicus*), Reykjavik, 2 September 2004. Ljósmynd./Photo Erling Ólafsson.

hefur verið landlæg hér um aldir en þeir félagar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson<sup>5</sup> geta hans í ferðabók sinni árið 1772. Svartsnigill (3. mynd) hefur fundist víða um land en er algengastur á landinu sunnanverðu, einkum í gróðurrikum brekkum og hlíðum sem vita mót suðri. Hann er að öllu jöfnu svartur á lit, 10–15 cm langur, stundum allt að 20 cm í nágrannalöndunum. Hérlandis nær hann ekki því líkri stærð.

Í nágrannalöndum okkar er spánarsnigill 7–15 cm langur. Hann er nokkuð breytilegur á lit, oftast rauðbrúnn en finnst einnig í ýmsum öðrum brúnum og rauðum litum. Rauðsnigill (*Arion rufus* (Linnaeus, 1758)) er tegund nauðalík spánarsnigli, svipaður á stærð og lit. Hann finnst einnig í nágrannalöndunum en hefur enn ekki fundist hér á landi. Eins og spánarsnigill er hann upprunninn í sunnanverðri Evrópu og er talið að hann hafi borist norður eftir álfunni um miðja 19. öld. Þessar tvær stóru, rauðu tegundir geta verið svo líkar útlits að kryfja þurfi sniglana og skoða kynfæri þeirra til að greina þá í sundur.

Þessar stóru tegundir af ættkvíslinni *Arion* eru gjarnan kallaðar

skógarsniglar á norrænum tungum. Spánarsnigill kallast t.d. iberisk skovsnegl (DK), spansk skogsnigel (SE) og Iberiaskogsnegl (NO). Að auki á hann sér „gælunöfn“ sem gefa sterklega til kynna hversu illa þokkaður snigillinn er í nýjum heimkynnum, s.s. „dræbersnegl“, „mördarsnegl“ og „killer slug“ og samsvarandi heiti á öðrum tungum.

## UPPRUNI OG DREIFING

Upprunaleg heimkynni spánarsnigils eru á vesturhluta Spánar, í Portúgal og Suður-Frakklandi. Upp úr 1960 fór hans að verða vart víðar, t.d. á Ítalíu, í Sviss, Austurríki, Búlgaríu, Vestur-Þýskalandi, þáverandi Júgóslavíu og Alsír. Eftir að járntjaldið féll og samskipti milli Austur- og Vestur-Evrópu jukust hefur hann einnig breiðst út um Austur-Evrópu. Nú virðist spánarsnigill hafa náð fótfestu víða um álfuna, allt norður til Norðurlanda. Að auki fannst hann suður á Falklandseyjum árið 1986.

Á Norðurlöndum varð spánarsnigils fyrst vart á Skáni í Svíþjóð árið 1975. Eins og algengt er með landnema fór lítið fyrir kvikindinu fyrstu tíu árin en næsta áratug þar á

eftir var fjölgunin gífurleg og útbreiðsla snigilsins í Svíþjóð jókst umtalsvert. Árið 1994 var spánarsnigill orðinn algengur víða í bæjum í Svíþjóð og hafði náð allt norður til Ångermanland (63°17'N). Spánarsnigils varð fyrst vart í Noregi árið 1988 og í Danmörku 1991 en hann er þó talinn hafa komið þangað mun fyrr. Nú finnst hann einnig í Finnlandi og á Álandseyjum og árið 1996 fannst hann fyrst í Færeyjum. Þar hefur hann verið að festa sig í sessi undanfarin ár.<sup>6</sup> Nú hefur spánarsnigill náð að berast til Íslands en það á eftir að koma í ljós hvernig honum reiðir af hér á landi.

Spánarsnigill dreifist nær eingöngu af mannavöldum. Algengast er að hann berist sem egg eða ungvíði með plöntum og jarðvegi og er því að öllum líkindum stöðugt að flytjast á milli landa. Í löndum utan upprunalegra heimkynna sinna er hann langalgengastur í húsa- og matjurtagörðum, gróðrarstöðvum og grasagörðum þar sem mikið er um innfluttar plöntur. Innan svæðis getur snigillinn svo breiðst út með því að skríða sjálfur en eins og aðrir sniglar kemst hann ekki tiltakanlega hratt yfir þannig. Hann getur auðveldlega komið sér fyrir í feldi dýra sem lagst hafa fyrir á döggvotu grasi, hangið þar fastur vegna þess hve slímugur hann er og fengið far með þeim. Auk þess getur hann borist út í rennandi vatn og flotið með því langar leiðir.

## LÍFSHÆTTIR

Sniglar eiga það sameiginlegt að líka lífið best þegar loftraki er hár og dög fellur á jörðu. Þeir eru því mest á ferli að nóttu til en einnig á rigningardögum. Þegar þurr er halda þeir sig þar sem rakast er, koma sér fyrir í skugga eða ofan í jarðveginum og eru blómapottar gjarnan notaðir. Þegar veðurfar er hagstætt getur sniglunum fjölgað hratt og í Svíþjóð eru dæmi um að fjöldi spánarsnigla hafi verið 5–10 á fermetra, í Danmörku allt að 50.

## Fæða

Sniglar eru almennt hin mestu átvögl sem éta u.þ.b. hálfu þyngd sína á dag. Flestir nærast á jurtum, aðrir á hræjum og rotnandi leifum. Því verður seint haldið fram að spánarsnigill sé matvandur og fæðuskortur er nokkuð sem hann kynnist líklega ekki því hann étur nánast allt lífrænt sem á vegi hans verður. Hann sækir í safnhauga, étur hræ og hundaskít, svo eitthvað sé nefnt, og jafnvel aðra snigla. Það gerir hann þó sérlega illa þokkaðan hve sólginn hann er í ýmsar plöntur sem fólk ræktar í görðum sínum. Það getur vissulega reynst ræktandanum sárt að sjá uppáhaldsplönturnar hverfa ofan í kvikindið á örskömmum tíma eftir langtíma natni grænna fingra. Snigillinn notar lyktarskynið til að finna fæðu. Lyktsterkar plöntur, s.s. laukar, kryddjurtir og flauelsblóm, eru því sérlega vinsælar og gjarnan étnar fyrst. Svo má nefna páskaliljur á vorin, stjúpur og rósir og hvaðeina sem stendur til boða. Þekkt er að spánarsnigill hafi upprætt kartöflurækt með því að éta kartöflugrösin í uppvexti.

## Lífsferill

Í nágrannalöndum okkar tekur lífsferillinn eitt ár. Kynþroska dýr deyja á haustin en ungir sniglar, allt frá nýskriðnum úr eggjum upp í næstum kynþroska, grafa sig niður í jörðina til að þrauka veturinn. Að vori fara sniglarnir svo aftur á kreik. Eins og margir sniglar er spánarsnigill tvíkynja, þannig að þegar tveir sniglar makast frjóvga þeir hvor annan; ekki þarf einu sinni tvo til því hann getur vel frjóvgað sig sjálfur. Hver einstaklingur verpir 20 til 30 eggjum í einu og getur verpt um 400 eggjum á lífsleiðinni. Sem betur fer er dánartíðnin yfirleitt mjög há en mikil eggjaframleiðsla þýðir þó að í hagstæðu árferði á hver og einn snigill möguleika á að fjölga sér svo um munar. Eggjunum er oftast verpt í litlar holur sem sniglarnir grafa í jörðina. Einnig verpa þeir undir lauf sem liggja á



3. mynd. Svartsnigill (*Arion ater*) í Hafnarfirði 8. júní 2005. – Black slug (*Arion ater*), Hafnarfjörður, 8 June 2005. Ljósmynd./Photo Erling Ólafsson.

jörðinni og í rotnandi safnhauga. Eggin klekjast á 3,5–5 vikum, eftir aðstæðum, og sniglarnir verða kynþroska á u.þ.b. fimm vikum.

## HVERS VEGNA VERÐUR SPÁNARSNIGILL SKAÐVALDUR?

Í nágrannalöndum okkar er spánarsnigill nú þegar orðinn alræmd plága. Í upprunalegum heimkynnum sínum á Íberíuskaga er hann hvorki algengur né til vandraða en þar eru lífsskilyrði honum erfið vegna langvarandi hita og þurrka. Slíkt loftslag er sniglum afar óhagstætt. Með mikilli eggjaframleiðslu aukast líkur á að einhver afkvæmi komist á legg á þessum slóðum. Spánarsnigill hefur haldið í frjósemi sína og mikla framleiðslu eggja í nýjum heimkynnum. Í rakara og úrkomusamara loftslagi norðar í álfunni kemst aftur á móti miklu stærri hluti ungvíðisins til fulls þroska. Þar getur fjöldinn því orðið gífurlegur á skömmum tíma og skaðinn af völdum þessara stórvöxnu og girugu átvagla þar með tilfinnanlegur. Hvorki svartsnigill né rauðsnigill hefur viðlíka viðkomu og

skaðsemi af þeirra völdum er talin óveruleg.

Það fer ýmsum sögum af þessum óargadýrum og fjölda þeirra. Þess hefur t.d. verið getið að garðeigandi í Danmörku hafi safnað 10 þúsund sniglum í garði sínum yfir sumarið. Ekki er óalgengt að fólk hafi tínt um 100 snigla á nóttu. Þá ku hópur íbúa í dönskum bæ hafa safnað 80 kg af spánarsniglum til að sýna bæjaryfirvöldum fram á að um raunverulegt vandamál væri að ræða sem bregðast þyrfti við. Fyrir utan skaða sem sniglarnir geta valdið þykir afar óspennandi að tipla um slímugar grasflatir þar sem herskari snigla hefur farið um.

## ÞURFUM VIÐ AÐ HAFA ÁHYGGJUR?

Sú staðreynd liggur nú fyrir að spánarsnigill hefur náð að berast til Íslands. Það hefur sannarlega ekki komið á óvart, því við Íslendingar flytjum til landsins fjöldann allan af lifandi plöntum í pottum eða jarðvegshnausum, enda erum við mjög fús til að þreifa okkur áfram í garðræktinni og bjóða harðneskjulegum aðstæðum birginn með tilraunum í

ræktun framandi og spennandi plöntutegunda. Þó til þessa hafi aðeins tveir spánarsniglar fundist hér með vissu er full ástæða til að vera á varðbergi. Sniglarnir fundust ekki sama árið og hvor í sínum borgarhlutanum. Ekki er líklegt að þeir hafi verið einir á ferð og ekki skal gleyma því að jafn sjálfkynhneigðar lífverur og sniglar eru þurfa ekki lífsförunaut til að auka kyn sitt.

Það er háttur landnema að fara rólega af stað í nýjum heimkynnum en að einhverjum árum liðnum verður svo gjarnan sprenging í viðkomu. Það er full ástæða til að velta vöngum yfir möguleikum spánarsnigils til að festa sig í sessi hér á landi. Hörð frost á snjólausu jörð og mikill hiti og þurrkur halda fjölda snigla í skefjum en úthafsloftslag eins og hér á landi skapar kjör- aðstæður fyrir spánarsnigil. Frostakaflar á vetrum kunna þó e.t.v. að halda eitthvað aftur af sniglunum. Fáar dýrategundir á norðurslóðum leggja sér spánarsnigil til munns þar sem hann er mun slímugri en t.d. svartsnigillinn og þykir ekki ýkja kræsilegur til átu. Þó er vitað til þess að broddgeltir, greifingjar og villisvín éta spánarsnigla, einnig aliendur.<sup>2</sup> Hérlendis er vart að vænta aðstoðar af því tagi í baráttu við sniglana. Því er hætt við að spánarsnigill nái hér traustri fótfestu í náninni framtíð. Fólk er hvatt til að

vera á varðbergi og uppræta alla spánarsnigla sem á vegi þess verða, þó e.t.v. kunni baráttan að verða torveld. Að lokum vilja höfundar koma á framfæri óskum um að fá í hendur alla meinta spánarsnigla sem lesendur kunna að rekast á næstu árin til að geta fylgst með því hvernig þeim vegnar.

## SUMMARY

### Iberian slug (*Arion lusitanicus*) shows up in Iceland

The Iberian slug, which originates from the Iberian Peninsula, started to distribute north- and eastwards in Europe after 1960, reaching the Nordic countries in mid 1970ies. This large and very productive slug has turned out to be a serious pest in parks, gardens and agricultural landscapes in the moist climate in northern Europe, conditions that are obviously more favourable than those dominating in the dry and sunny Iberian Peninsula. The species had reached the Faroe Islands in 1996 and now the remote Iceland seems to be its next target. The first Iberian slug was recorded in Reykjavik in August 2003, the second in early September 2004. Probably these are only accidental records. Still, there is every reason to believe that this is, sadly, only the beginning of the introduction of the Iberian slug to Iceland.

## ÞAKKIR

Finnendum spánarsniglanna tveggja, Magnúsi B. Skarphéðinssyni og Agnesi Einarsdóttur, er þakkað fyrir að hafa komið þeim í okkar hendur. Ted von Proschwitz, Gautaborg, krufði báða sniglana og greindi þá á kynfærunum. Fær hann þakkir okkar fyrir aðstoðina.

## HEIMILDIR

1. Weidema, I.R. (ritstj.) 2000. Introduced species in the Nordic countries. Nord 2000: 13. 242 bls.
2. von Proschwitz, T., & K. Winge 1994. Iberiasniglegr – en art på spredning i Norge. Fauna 47. 195–203.
3. Terney O. 1998. Spansk skogsnegl alias dræbersnegl. BioNyt 104. 3–22.
4. Kerney, M.P. & R.A.D. Cameron 1979. A field guide to the land snails of Britain and North-west Europe. Collins, London. 288 bls.
5. Eggert Olafsen & Biarne Povelsen 1972. Reise igennem Island foranstaltet af Videnskabernes Selskab i Kjøbenhavn. Sorøe. 1042 bls.
6. Bloch, D. 2003. Morsnigilin ella hin spanski snigilin. Fræði 1/2003. 16–18.

## PÓSTFANG HÖFUNDA/AUTHORS' ADDRESSES

María Ingimarsdóttir  
mariai@ni.is  
Erling Ólafsson  
erling@ni.is  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Hlemmur 3  
P.O. Box 5320  
IS-125 Reykjavík

## UM HÖFUNDANA



María Ingimarsdóttir (f. 1977) lauk BS-gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands 2000 og MS-gráðu frá sama háskóla 2004. Hún hefur starfað sem sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands frá 2000.



Erling Ólafsson (f. 1949) lauk BS-gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands 1972 og Fil.Dr. í dýraflokkunarfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð 1991. Hann hefur starfað sem sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands síðan 1978.